



MINNISBLAÐ

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um greiðslu fjarnámsáfanga í framhaldsskólum sumarið 2020

Á 182. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 28. apríl 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram meðfylgjandi tillögu:

Lagt er til að þeim nemendum sem ljúka grunnskóla nú í vor standi til boða að stunda fjarnámsáfanga í framhaldsskólum í sumar sér að kostnaðarlausu. Í ljósi ástandsins og skerts skólahalds að andanfögnu vegna Covid-19 faraldursins og samkomubannsins er mikilvægt að nemendur eigi þess kost við skólaskilin að spreyta sig á framhaldsskólaáföngum. Þannig munu þeir kynnast framhaldsskólástiginu, geta nýtt tímann og verða betur í stakk búnir til að takast á við krefjandi nám á framhaldsskólástigi. Þetta gæti orðið hluti af virkniúrræðum fyrir þessa nemendur enda má búast við að erfitt verði fyrir þennan aldurshóp að fá vinnu í sumar. Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti samninga við ríkið um að greiða kostnað vegna þessara fjarnámsnemenda sem ljúka munu 10. bekk nú í vor. Enda um að ræða áfanga sem ríkið þyrfti hvort eð er að greiða fyrir þegar þessir nemendur hefja nám í framhaldsskóla.

Á tímum Covid-19 faraldursins var skilningur á að ekki væri hægt að halda uppi skólastarfi að fullu samkvæmt aðalnámskrá. Á fundi sem sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs sat með formanni Skólastjórafélag Íslands og Skólameistarafélags Íslands sem haldinn var 16. apríl 2020 kom fram að gagnkvæmur skilningur væri á að framhaldsskólinn treysti námsmati grunnskólans og að engin ástæða væri til þess að ætla að innritun nemenda í framhaldsskóla fyrir haustið 2020 gæti ekki orðið með hefðbundnum hætti. Bent var á að í aðalnámskrá grunnskóla segi að miða eigi við „vitnisburð nemanda í öllu því námi sem hann stundaði á lokaári í grunnskóla en æskilegt er að hafa til hliðsjónar nám í 8.–10. bekk“. Gagnkvæmur skilningur var einnig á því að ekki hafi, vegna Covid-19, tekist að vinna í eins ríkum mæli og ætlað var til loka skólaársins á öllum námssviðum og að nám og kennsla hafi verið með ólíkum hætti milli skóla. Lagt var til að námsmat verði með sem eðlilegustum hætti og að engin breyting verði á lokainnritun 10. bekkinga í framhaldsskóla frá 6. maí til 10. júní 2020. Skóla- og frístundasvið og Skólastjórafélag Íslands hafa þegar sent erindi til ráðuneyttisstjóra mennta- og menningarmálaráðuneytisins og forstjóra Menntamálastofnunar til að fylgja eftir niðurstöðu

Þessa fundar. Framhaldsskólar munu laga starf sitt að þessum aðstæðum og hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið sent tilmæli þess efnis til skólastjórnenda.

Varðandi virkniúrræði fyrir þann hóp sem er að ljúka námi í 10. bekk grunnskóla nú í júní hefur verið ákveðið að Vinnuskólinn muni fjölga þeim 10. bekkingum sem fá þar sumarvinnu og einnig að atvinnutímabil þessa hóps verði lengt frá því sem verið hefur. Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið borgarinnar eru að fara í samstarf um sérstakt starf á vegum félagsmiðstöðva fyrir unglíngla í sumar. Þess má einnig geta að skóla- og frístundasvið hefur ekki orðið vart við ákall frá vettvangi um sumarnám í framhaldsskólum. Einnig má benda á að ekki er gætt jafnræðis milli nemenda ef sumir hópar fá felld niður gjöld vegna fjarnámsáfangala í framhaldsskólum en aðrir ekki.